

LÖG

um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að veita tryggingu eða endurtryggingu gegn bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns af notkun loftfars sem stafar af hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða áþekktum atvikum. Trygging ríkissjóðs skal vera í formi viðbótartryggingar við eða endurtryggingar á viðbótartryggingu við ábyrgðartryggingu sem flugrekendur geta keypt á almennum markaði. Tryggingin skal að hámarki tryggja það sem á vantar að váttryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar sem unnt er að kaupa á almennum markaði nái þeirri lágmarksfjárhæð ábyrgðartryggingar sem viðkomandi flugrekandi hefur skuldbundið sig gagnvart þriðja aðila til þess að hafa í gildi.

Binda má veitingu tryggingar skv. 1. mgr. þeim skilyrðum og skilmálum sem ríkissjóður álitur nauðsynleg. Heimilt skal að áskilja ríkissjóði gjald fyrir þá tryggingu sem ríkissjóður lætur í té.

2. gr.

Trygging sem ríkissjóður veitir á grundvelli heimildar skv. 1. gr. skal vera tímabundin og má eigi gilda lengur en til ársloka 2001.

Trygging ríkissjóðs skv. 1. gr. skal hafa að geyma áskilnað um rétt ríkissjóðs til þess að segja tryggingu upp á gildistíma hennar ef áhættustig í flugsamgöngum vex eða váttryggjendur hefja að bjóða viðbótarábyrgðartryggingar.

3. gr.

Ríkissjóði skal í því skyni að dreifa áhættu ríkissjóðs af veitingu trygginga skv. 1. gr. heimilt að taka þátt í samstarfi við önnur ríki um veitingu eða endurtryggingu ábyrgðartrygginga á borð við þær sem um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. október 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.